



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN FORSETA ÍSLANDS TIL LETTLANDS

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson hélt í dag til Lettlands í opinbera heimsókn sem standa mun dagana 16.-18. nóvember. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, er með forseta í för auk embættismanna.

Heimsóknin hefst föstudaginn 16. nóvember og meðal viðburða í ferðinni má nefna opinbera móttökuathöfn við forsetahöllina í Riga, fund með forseta landsins, fund með forseta þingsins og loks fund með utanríkisráðherra auk þess sem forseti mun flytja opinberan fyrirlestur við Háskóla Lettlands í Riga.

Forseti mun ávarpa málstofu um samskipti Íslands og Lettlands á sviði menningar, stjórn mála og viðskipta laugardaginn 17. nóvember en á sunnudag tekur hann þátt í viðburðum sem tengjast eitt hundrað ára afmæli lýðveldis Letta.

Þess má geta að forseti heimsótti Eistland og Litháen fyrr á árinu af hliðstæðu tilefni.

15. nóvember 2018

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).